

STARFSÁÆTLUN

SKARÐSHLÍÐARLEIKSKÓLA

2019 - 2020



Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem nýtur sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til sviðsstjóra fræðslusviðs fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	3
2. Matsáætlun	3
2.1 Innra mat leikskólans.....	3
2.3 Húsnæði og lóð.....	3
2.4 Ytra mat.....	4
2.5. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra og ytra mats	4
3. Áherslur í starfi leikskólans.....	4
3.1 Lengi býr að fyrstu gerð.....	4
3.2 Stefnur og hugmyndafræði	4
3.3 Grunnþættir menntunar	5
4. Starfsmannamál	7
4.1. Starfsmannahópurinn 12. ágúst 2019.....	7
4.2 Starfsþróunarsamtöl.....	7
4.3 Áætlun um símenntun í leikskólanum.....	7
4.4 Tímalína símenntunar.....	8
5. Aðrar upplýsingar	9
5.1 Barnahópurinn í ágúst 2019	9
5.2 Foreldrasamvinna.....	9
5.2.1 Foreldraráð.....	9
5.2.2 Foreldrafundir	9
5.2.3 Foreldrasamtöl	9
5.2.4 Foreldrafélag	10
5.3 Samstarf leik- og grunnskóla	10
5.4 Almennar upplýsingar	10
5.4.1 Skipulagsdagar.....	10
5.4.2 Áætlanir	10

1. Inngangur

Skarðshlíðarleikskóli tók til starfa 9. ágúst 2019. Starfsemi skólans byggir á lögum um leikskóla nr. 90/2008, reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009, reglugerð um mat og eftirlit í leikskólum nr. 893/2009, skólastefnu Hafnarfjarðar og Aðalnámskrá leikskóla (2011).

Skólinn getur tekið á móti 80 nemendum og allt að 30 starfsmönnum. Þrjár af fjórum deildum, eða heimastofur eins og við kjósum nefna þær, verða opnaðar til að byrja með, sú fjórða verður tekin í notkun árið 2020. Heimastofurnar skiptast niður á tvo ganga og eru tvær heimastofur, á suðurgangi, fyrir börn frá 15. mánaða til þriggja ára, á norðurgangi eru tvær heimastofur fyrir börn á aldrinum 3ja til 6 ára Lögð verður áhersla á góða samvinnu og að heimastofur vinni sem ein heild. Matstofa og hreyfisalur er í miðrými leikskólans.

Í skólanum er litið á leikinn sem helstu náms- og þroskaleið barnsins, út frá forsendum þess. Við teljum mikilvægt að hlúa vel að leiknum, skapa honum gott rými jafnt í skipulögðum verkefnum sem og í frjálsum leik. Við nýtum húsnæði leikskólans vel fyrir leik barna með áherslu á að hlusta á raddir þeirra og að þau hafi frelsi til að hafa áhrif á leik sinn. Viljum við ná að skapa skólabrag sem einkennist af jákvæðum samskiptum, skilningi, tillitsemi, vináttu og jafnrétti.

Stefna Skarðshlíðarleikskóla tekur mið af Fjölgreindakenningu Howard Gardner. Markmiðið er að stuðla að vellíðan barna í leikskólanum og styrkja sjálfsmynd þeirra með því að kenna börnum lýðræði, efla frumkvæði þeirra og sjálfstæði sem virkir þátttakendur í öllu leikskólastarfinu.

Í skólanum er unnið eftir uppbyggingarstefnunni sem byggir á hugmyndafræði Diane Gossen. Markmiðið er að styrkja einstaklinginn í að vera sá sem hann vill vera með hliðsjón af eigin sannfæringu frekar en að stjórnast af geðþótta annarra. Sýn uppbyggingarstefnunnar er að við séum öll með fimm grunnþarfir sem við þurfum að hafa í jafnvægi svo okkur líði vel. Grunnþarfirnar eru: öryggi, umhyggja, áhrif, gleði og frelsi. Uppeldi til ábyrgðar er í senn aðferð og stefnumörkun leikskólans til að stuðla að betri samskiptum, kenna jafnt börnum og starfsfólki sjálfsaga, sjálfstjórn og styrkingu sjálfsaga.

2. Matsáætlun

2.1 Innra mat leikskólans

Stefnt verður að því í gegnum allt skólaárið að vinna jafnt og þétt við að fínþússa innra starf og skipulag leikskólans og að fræða starfsfólk skólans um stefnuáherslur og markmið sem Skarðshlíðarleikskóli vill setja sér. Mat á öllu því er viðkemur starfsháttum leikskólans fer fram eftir því sem þurfa þykir yfir árið.

2.3 Húsnæði og lóð

Eftirlit með húsnæði og útileiksvæði er í daglegu eftirliti starfsmanna Skarðshlíðarleikskóla með ábyrgð leikskólastjóra. Daglega verður útisvæði leikskólans yfirfarið og allt rusl fjarlæggt. Settir verða upp skráningarlistar sem starfsmenn kvitta undir þegar þeir hafa yfirfarið útileiksvæðið.

2.4 Ytra mat

Skólaskrifstofan stendur fyrir foreldrakönnunum annað hvert ár og starfsmannakönnun hitt árið. Skólapúlsinn hefur haldið utan um þessar kannanir á síðustu árum fyrir Hafnarfjörð. Viðhorfskönnun var síðast lögð fyrir foreldra leikskólabarna í Hafnarfirði 1. mars 2018. Ytra mat sem þetta er hverjum skóla mikilvægt til að efla starf hans á öllum sviðum.

2.5. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra og ytra mats

Að ári verður mat á starfi leikskólans tekið saman.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Lengi býr að fyrstu gerð

Áherslur Skarðshlíðarleikskóla fyrsta skólaárið verða að hlúa vel að börnum, foreldrum og starfsfólki. Markmið okkar er að móta metnaðarfullt lærdómssamfélag sem byggir á samvinnu og virðingu og viljum við vanda vel til verka. Framtíðarsýn okkar á leikskólastarfið er að efla samskipti, virðingu og leikgleði barnanna. Lögð verður áhersla á að börnin læri og þroskist í gegnum leikinn, hið daglega starf, þau geti valið sér sjálf viðfangsefni og fái tækifæri til að leika sér á eigin forsendum.

Við viljum auka vitund, þekkingu og skilning á starfsemi, markmiðum og framtíðarsýn leikskólans. Einnig viljum við að ávallt verði leitað leiða til að efla þjónustu hans. Munu skipulagsdagar, starfsmanna-, foreldra-, fag-, og deildarfundir ásamt undirbúningstímar starfsfólks vera stór hluti þeirra lykilþátta til að byggja upp öflugt og metnaðarfullt skólastarf.

Í upphafi skólaárs fá starfsmenn og foreldrar leikskólans kynningu og fræðslu á:

- Leikskólakerfi Karellen
- Þátttökuaðlögun
- Uppeldi til ábyrgðar
- Fjölgreindakenningunni
- Læsisstefnu Hafnarfjarðar
- Matstofu og dagskipulagi

Við teljum mikilvægt að starfsfólk leikskólans sækji skyndihjálpanámskeið á fyrsta skólaári og í kjölfarið verði unnið að gerð verkferla varðandi slys og fleira.

3.2 Stefnur og hugmyndafræði

Lögð verður áhersla á að kynna hugmyndafræði fjölgreindakenningarinnar og aðlaga hana að skólastarfinu í gegnum allt skólaárið. Markmið okkar er að gera hverja greind sýnilega og lýsandi fyrir börn, foreldra og starfsfólk. Með tíð og tíma viljum við í samstarfi við starfsfólk ná að setja upp hugmyndabanka um hvernig hægt er að vinna með hverja greind fyrir sig. Mat verður framkvæmt á næsta skólaári á hvernig gengið hefur að innleiða hugmyndafræði fjölgreindakenningarinnar.

Innleiðing á Uppeldi til ábyrgðar felst í að kynna hugmyndafræðina fyrir starfsfólki á starfsmannafundum/skipulagsdögum. Í framhaldinu móta starfsmenn sér samskiptasáttmála en með þeirri vinnu geta þeir lært aðferðir til að gera sáttmála með börnum á sinni heimastofu

3.3 Grunnþættir menntunar

Í aðalnámskrá leikskóla 2011 er gerð grein fyrir sex grunnþáttum í íslenskri menntun. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Grunnþættirnir ná til starfshátta, inntaks og námsumhverfis og eiga að stuðla að samfellu í skólakerfinu. Þeir skulu allir speglast í daglegum verkum nemenda og kennara.

Læsi

Tungumálið er mikilvægasta tæki manna til samskipta og því skiptir máli að leggja áherslu á gott málumhverfi í leikskólanum. Til að efla orðaforða og lesskilning barnanna þarf markvisst að lesa fyrir þau á hverjum degi og daglega fara öll börn í skipulagða málörvunartíma og samverustundir. Áherslur okkar með læsi eru að stuðla að því að börnin verði sterkir, sjálfstæðir og virkir einstaklingar sem séu hæfir til að takast á við lífið í hinni fjölbreyttustu mynd. Unnið verður að því að efla frumkvæði, áhuga og leikgleði barnanna ásamt því að efla áhuga og færni þeirra í grunnþáttum stærðfræði og lesturs. Hvetjum við foreldra/forráðamenn að lesa daglega með börnum sínum. Við leggjum áherslu á að starfsfólk skólans verði meðvitað um að nýta allar stundir dagsins til málörvunar, til að efla hljóðkerfisvitund barna. Hver heimastofa setur fram sínar áherslur í læsi miðað við aldur og áhuga barnanna. Lögð verður áhersla á að styðja við starfsfólk skólans svo það verði öruggt og virkt til að vinna með læsi í víðum skilningi daglega. Þannig viljum við efla starfsfólk okkar og gera það meðvitað um hvaða læsisþátt verið er að þjálfa hverju sinni.

Talnalæsi

Viljum við sjá að markvisst verði unnið við að efla færni barna á talnaskilningi, tölugildum, talhugtökum og formum. Líkt og með læsi þá notum við flestar stundir dagsins, inni sem úti, til að vekja áhuga og skilning barna á stærðfræðihugtökum út frá námsumhverfinu, einingakubbum og frjálsum leik svo dæmi sé tekið. Í daglegum samskiptum við leikskólabörnin veitum við þeim tækifæri til að efla íslenska málvitund, læra ný orð, hugtök og að þróa tungumálið. Verða tölustafir og form sýnilegt í umhverfi barnanna.

Sjálfbærni

Í leikskóla ber að fræða börn um náttúruna, umhverfið og mikilvægi góðrar umgengni og virðingar við náttúruna. Markmið með sjálfbærni er að við gerum okkur grein fyrir mikilvægi þess að skila jörðinni ekki í síðra ástandi en við tókum við henni og hvernig hegðun okkar getur haft áhrif á umhverfið. Mikilvægt er að börn skynji náttúruna af eigin raun og læri að njóta hennar sér til yndisauka. Til að kenna börnum á leikskólaaldri umhverfismennt og sjálfbæra þróun þurfa þau að snerta, smakka, hlusta, horfa, flokka, rannsaka og draga ályktanir. Með því að skoða nærumhverfi okkar og rannsaka hvaða lífverur, gróður og fleira er að finna í náttúrunni náum við að skapa umræðu á þeirra forsendum sem hægt er að byggja ofan á. eru þetta dæmi um leiðir sem hægt er að fara til að auka vitund og skilning skólasamfélagsins á sjálfbærni og samfélagslegri ábyrgð.

Heilbrigði og velferð

Markmiðið með heilbrigði og velferð er að hlúa að líkamlegri, andlegri og félagslegri velferð barna og starfsfólks. Við í Skarðshlíðarleikskóla leggjum áherslu á jákvæðan skólabrag, hollt mataræði, hvíld og góða hreyfingu. Við viljum bjóða börnunum öruggt, þroskavænlegt og fjölbreytt umhverfi þar sem hver og einn fær tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum. Virðing og jákvæð samskipti eru höfð að leiðarljósi í daglegu starfi. Hreyfing stuðlar að andlegri og líkamlegri vellíðan og fara öll börn út a.m.k. einu sinni á dag. Skipulagðar vettvangsferðir með stóra sem smáa hópa eru farnar

reglulega þar sem leitast er við að skoða og nýta allt það sem nærumhverfi skólans hefur upp á að bjóða. Þetta eru þau forréttindi sem við í Skarðshlíðarleikskóla búum við, að hafa alla þessa ósnortnu náttúru í göngufæri fyrir alla aldurshópa leikskólans.

Lýðræði og mannréttindi

Markmið með lýðræði og mannréttindum er að allir einstaklingar fái notið sín á eigin forsendum, hafi áhrif og að hæfileikar hvers og eins fái að blómstra. Lögð er áhersla á að börnin læri að bera virðingu fyrir margbreytileika mannkynsins, sjálfum sér, öðrum og umhverfinu í kringum sig. Viljum við sjá til þess að börnum líði vel og finni að þau eru velkomin og þau geti leikið og notið sín á sínum eigin forsendum. Lýðræði snýst um samvinnu og að taka þátt. Lýðræði ríkir í frjálsum leik í leikskólanum þar sem börnin geta valið sér sjálf viðfangsefni og leikfélaga.

Jafnrétti

Í jafnrétti felst að allir hafi jafnan rétt óháð búsetu, fötlun, kyni, kynhneigð, litarhætti, lífsskoðunum, menningu, stétt, trúarbrögðum, tungumálum, ætterni eða þjóðerni. Í leikskólanum er lögð áhersla á að allir geti tekið virkan þátt í samfélaginu, hafi sama rétt og að öll börn hafi aðgang að sama náms- og leikefni. Við fögnum margbreytileikanum og viljum stuðla að því að allir hafi sama rétt og sömu tækifæri og því viljum við kenna börnum að bera virðingu fyrir hvert öðru og að ekki séu allir einstaklingar eins.

Sköpun

Sköpun er mikilvægur þáttur í tjáningu, frelsi og sköpunargáfu barna. Í Aðalnámskrá leikskóla kemur m.a. fram að sköpun er að: „uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga.“ Lögð verður sérstök áhersla á að umhverfi leikskólans bjóði upp á fjölbreyttar leiðir sem eft getur sköpun barna í leik og starfi jafnt úti sem inni og að leikskólaumhverfið í heild sinni virki ímyndunarafli þeirra.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 12. ágúst 2019

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leikskólastjóri	1	1,0	Leikskólakennaramenntun/Ms í mannauðsstjórnun.
Aðstoðarleikskólastjóri	1	0,4	Leikskólakennaramenntun
Sérkennslustjóri	1	0,60	MA í leikskólakennaramenntun
Deildarstjóri/leikskólakennari			Leikskólakennaramenntun
Leikskólaleiðbeinandi A			Önnur uppeldismenntun
Leikskólaleiðbeinandi B			Háskólamenntun önnur en uppeldismenntun
Leikskólaleiðbeinandi	4	1,0	Grunnskóla-, menntaskóla- eða iðnmenntun

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Stefnum við á að annan hvern mánuð verði framkvæmd starfsmannasamtöl, sem við köllum örsamtöl. Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri skipta með sér samtölunum. Okkar mat er að tíðari samtöl leiði fyrir til árangurs með það að leiðarljósi að veita leiðrétandi endurgjöf með hvetjandi hætti. Niðurstöður samtalanna verða svo nýttar í endurmat þegar við á. Markmið okkar er að gera stjórnendur og starfsfólk leikskólans vel upplýst um hvernig leikskólastarfið þróast og einnig að geta gripið inn í og veitt handleiðslu þegar við á hverju sinni.

4.3 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Fyrir skólaárið 2019 – 2020 verður lögð áhersla á að starfsmenn nýti sér þau námskeið sem Fræðslu- og frístundaþjónusta Hafnarfjarðar býður uppá.
- Leikskólakennarar í leikskólanum sækja TRAS námskeið á skráning á málþroska ungra barna og Hljóm-2 sem er próf/greiningartæki í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barnanna í leikskólanum.
- Allir starfsmenn fái kennslu á Karellen leikskólakerfið
- Læsisstefna Hafnarfjarðar, Lestur er lífsins leikur, verður kynnt af fagfólki Fræðslu- og frístundaþjónustu fyrir starfsfólki leikskólans.
- Þá verður námsefnið, Lubbi finnur málbeinin, kynntur til sögunnar en innihald þess efnis viljum við nýta fyrir alla aldurshópa.

Við viljum nýta mannauð leikskólans vel og hvetja fagfólk og annað starfsfólk sem hefur þekkingu og reynslu á leikskólastarfi til að veita samstarfsfólki sínu fræðslu og stuðning á skipulagsdögum, starfsmannafundum og í daglegu starfi. Þetta sjáum við sem mikilvægan hlekk í að skapa öflugt lærdómssamfélag innan leikskólans.

4.4 Tímalína símenntunar

<i>Áherslur og markmið</i>	<i>Framkvæmd</i>	<i>Umsjón</i>	<i>Tímasetning</i>	<i>Ábyrgð</i>
<i>Uppeldi til ábyrgðar</i>	Fyrirlestrar og fundir	Allir	Allt árið	Kata og Berglind
<i>Fjölgreindakenningin</i>	Starfsfundir og skipulagsdagar	Allir	Allt árið	Berglind
<i>Læsisstefna Hafnarfjarðar: Innleiða markvissa málörvun</i>	Fyrirlestrar og fundir	Allir	Allt árið	Stjórnendur
<i>Vinna með Lubba, orð og stafur vikunnar</i>	Fundir og kennsla	Allir	Allt árið	Deildarstjórar og Kata
<i>Málörvun</i>	Fagfundir og teymisvinna	Allir	Allt árið	Deildarstjórar og Kata
<i>Skyndihjálparnámskeið</i>	Námskeið og fyrirlestrar	Allir	Vor 2020	Berglind
<i>Matstofa og dagskipulag</i>	Starfsmannaheimastofu- og deildastjórafundir	Allir	Allt árið	Berglind, Kata og deildarstjórar
<i>HLJÓM – 2 TRAS</i>	Námskeið og fyrirlestrar	Berglind, Kata og Sigurrós	Haut 2019	Berglind
<i>Starfsmannahandbók</i>	Teymisvinna, starfsmannafundir og skipulagsdagar	Allir	Allt árið	Berglind og Kata
<i>Skólanámskrá</i>	Teymisvinna, starfsmannafundir og skipulagsdagar	Allir	Allt árið	Berglind og Kata

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn í ágúst 2019

- Fjöldi barna í leikskólanum: 36
- Kynjahlutfall: 20 drengir og 16 stúlkur.
- Dvalarstundir:
- Deildagildi: **2,41**
- Fjöldi barna sem nýtur sérkennslu samkv. greiningarviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki.
- Fjöldi barna sem nýtur sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað).
- Fjöldi barna með ofnæmi
- Fjöldi barna með fæðuóþol: **1**
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku.
- Fjöldi tungumála: **3**
- Þjóðerni forsjáraðila (fjöldi Pólverja, Spánverja, o.s.frv.).

5.2 Foreldrasamvinna

Við í Skarðshlíðarleikskóla leggjum áherslu á góð samskipti og samvinnu við foreldra. Góð samvinna er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og góðri líðan barnsins. Viljum við markvisst vinna að auknu samráði við foreldra og styrkja aðkomu þeirra að skólastarfi og hvetjum þá til að leita til okkar.

5.2.1 Foreldraráð

Samkvæmt lögum um leikskóla frá 12. júní 2008 skal vera foreldraráð við hvern leikskóla. Í foreldraráði þurfa hið minnsta að vera þrír skráðir fulltrúar sem kosið er um á árlegum foreldrafundum og skal leikskólastjóri hafa frumkvæði að kosningu í september á hverju ári. Í kjölfarið hittast meðlimir í foreldraráði ásamt leikskólastjóra á fundum þar sem farið verður yfir hlutverk ráðsins. Allar skýrslur sem sendar eru til fræðsluráðs og/eða skólaskrifstofu verða sendar til foreldraráðs til yfirlests og samþykktar ásamt því að ábendingar frá þeim eru teknar til umfjöllunar. Ráðið hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi.

5.2.2 Foreldrafundir

Algengt er að foreldrafundir í leikskólum fari fram á haustin þar farið er yfir starfsáætlun leikskólans og starfsemi hans á komandi skólaári. Þetta skólaárið verða foreldrafundir haldnir með öllum nýjum foreldrum Skarðshlíðarleikskóla á meðan aðlögun barna þeirra fer fram. Þar verða áherslur í leikskólastarfinu fyrir komandi skólaár kynntar.

5.2.3 Foreldrasamtöl

Formleg foreldrasamtöl verða á skipulagsdegi 19. febrúar 2020. Þar verður farið yfir stöðu barnsins og styrkleika þess og sameinast um leiðir til að styrkja barnið í því sem þörf er á. Fundir fyrir foreldra tvítýngdra barna, þar sem túlkur er viðstaddur, er áætlað að halda þann 28. febrúar 2020.

5.2.4 Foreldrafélag

Á fyrsta foreldrafundi Skarðshlíðarleikskóla sem áætlað er að halda í september 2019 verður stofnað Foreldrafélag Skarðshlíðarleikskóla og verður það skipað einum fulltrúa frá hverri heimastofu og fleiri ef fólk gefur kost á sér. Foreldrafélagið getur bætt við starf leikskólans með margvíslegum stuðningi. Þar má nefna að bjóða í sveitferð, að halda sumarhátíð og jólaball. Eins getur foreldrafélagið styrkt útskriftaferð elstu barna, tónlistaviðburði og boðið upp á leiksýningar á leikskólatíma.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

Leik-, grunn- og tónlistarskólinn í Skarðshlíð stefna að því að móta í sameiningu öflugt samstarf. Heilsuleikskólinn Hamravellir verður einnig hluti af samstarfi okkar. Áætlað er að kennarar elstu barna í leikskólanum og kennarar 1. bekkinga setji í sameiningu upp dagskrá fyrir skólaárið. Lögð verður áhersla á gagnkvæma samvinnu þeirra og er hugmyndin til þess fallin að efla tengsl á milli leik- og grunnskóla sem stuðlar að samfellu á milli skólastiga.

5.4 Almennar upplýsingar

5.4.1 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar fyrir skólaárið eru fimm talsins og eru þrír af þeim sameiginlegir öðrum leik- og grunnskólum í Hafnarfirði. Leikskólum er gefið frjálst val á hvaða dögum þeir kjósa sér að halda tvo skipulagsdaga. Hér má sjá dagsetningar skipulagsdaga skólaárið 2019-20:

Sameiginlegir skipulagsdagar

- 15. nóvember 2019
- 19. febrúar 2020
- 29. maí 2020

Skarðshlíðarleikskóli – skipulagsdagar

- 03. janúar 2020
- 23. mars 2020

5.4.2 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir **verða** aðgengilegar á [heimasíðu](#) leikskólans áður en langt um líður en unnið verður að gerð þeirra jafnt og þétt yfir skólaárið

Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:

- einelti
- ofbeldi
- annað

Viðbragðsáætlun við:

- slysum
- áföllum

Öryggisáætlanir:

- Rýmingaráætlun
- Vinnuverndaráætlun
- Öryggishandbók

- Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
- Jafnréttisáætlun (skal skila sem viðhengi við áætlunina??)
<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>
- Leikskóladagatal ([hlekkur fyrir skjal í pdf formi inn á heimasíðu leikskólans](#))

Hafnarfirði, 5. júlí 2019

Leikskólastjóri
Skarðshlíðarleikskóla